

ÍPRÓTTASAMBAND LÖGREGLUMANNA

# FERÐAFÉLAGINN

## TRAVEL COMPANION 2026




Umferðaröryggi  
/ Road safety

Þjónustuskrár  
/ Service

Viðburðardagatöl  
/ Events

Taktu þér eintak!  
**FREE**



„Við getum veitt fyrsta flokks  
upplifun, þökk sé öruggri  
og hraðri þjónustu Símanns.“

Rósbjörg, rekstrarstjóri Kerlingarfjöll – Highland Base

# Efnisyfirlit

Ritstjórapistill – Kæri vegfarandi/ <b>Dear passerby</b> .....	3/73
Eyjólfur Ármannsson .....	4
Hagnýtar heimasíður / <b>Practical info sites</b> .....	5/74
Áningastaðakort / <b>Resting and service places</b> .....	6-7
Frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa/From Safety Investigation Authority, SIA-Iceland .....	8-9/76-77
Bílar og hjól, í sátt og samlyndi / <b>Cars and bicycles, in good relations</b> ...	10-11
Öryggisbúnaður barna í bílum / <b>Safety equipment for children in vehicles</b> .....	12-13
Ferðumst örugg og upplýst um landið okkar / <b>Safe and informed travel around Iceland</b> .....	14-19/75
Tafla yfir ýmsar leiðir, vegalengdir / <b>Charts for various routes and distances</b> .....	20-21
Höfuðborgarsvæðið / <b>Reykjavik capital district area</b> .....	22
Vesturland / <b>West-Iceland</b> .....	26
Vestfirðir / <b>Westfjords</b> .....	34
Norðurland / <b>North-Iceland</b> .....	38
Rafhlaupahjól .....	42
Austurland / <b>East-Iceland</b> .....	44
Suðurland / <b>South-Iceland</b> .....	48
Reykjanes .....	52
Gátlisti fyrir ferðalagið / <b>Checklist for the trip</b> .....	54
Hvernig bregðast á við forgangsakstri / <b>Reaction to emergency vehicles on the road</b> .....	56/78
Skyndihjálp / <b>First-aid</b> .....	58-71
<b>Child Safety in cars</b> .....	<b>80-81</b>
<b>Electric scooters</b> .....	<b>82</b>
Barnaefni / <b>For the kids</b> .....	84

# Fyrir þægilegra ferðalag



**GOOD YEAR**

## Hvaða öryggisatriði skipta þig mestu máli þegar þú keyrir af stað?

Dekkin eru eini snertflötur þinn við veginn í akstri og einn mikilvægasti öryggisbúnaður bílsins. Ekki keyra á hverju sem er með allt þitt meðferðis.

**15% afsláttur** af dekkjum og **10% afsláttur** af umfelgun fyrir húsbílæigendur.

Þú finnur verkstæðin okkar á eftirfarandi stöðum:

- Klettagörðum
- Lynghálsi
- Hátúni
- Einhelli

**KLETTUR**

# Kæri vegfarandi



Vilhjálmur Árnason

Það er einlæg von okkar sem stöndum að útgáfu Ferðafélagans að þú getir nýtt þér hann til fróðleiks og yndisauka á ferðalaginu. Ferðafélaginn er fullur af fjölbreyttum upplýsingum og afþreyingu, hvort heldur sem er fyrir fullorðna eða börn.

Efni Ferðafélagans er ætlað að miðla upplýsingum til vegfarenda með hliðsjón af öryggi. Í því samhengi er mikilvægt að allir þeir sem eru þátttakendur í umferðinni taki tillit til hvors annars.

Umferðarumhverfið hefur breyst mikið undanfarin ár og má búast við að sú þróun haldi áfram. Fararskjótar eða ferðamátar eru alltaf að verða fjölbreyttari hér á landi og umferðarmenningin þróast og tekur breytingum í takt við þá. Á sama tíma er umferðarálag að aukast mikið.

Vegakerfið er í misjöfnu ástandi eftir veturinn og aukinn umferðarþunga síðustu ára. Vegfarendur mega því búast við vegaframkvæmdum og viðhaldi víða um land í sumar. Þar ber að aka eftir aðstæðum og fara um með gát. Við höfum því fært mikið af efninu yfir á ensku til að ná til fleiri þátttakenda í umferðinni.

Lykillinn að öryggi í umferðinni er að öll-

um líði vel við aksturinn. Við tryggjum að svo sé með því að sína öðrum vegfarendum tillitsemi. Og að sjálfsögðu með því að sýna árvekni, fara varlega og virða umferðarreglur en þannig gætum við fyllsta öryggis. Um leið og við njótum alls þessa góða og fallega sem okkar frábæra land hefur upp á að bjóða, vil ég hvetja þig til að hafa þessi atriði í huga. Þannig er það mjög góð regla að rifja upp helstu reglur umferðarinnar áður en haldið er af stað í ferðalagið.

Vegfarendur verða jafnframt að vera viðbúin nýjum aðstæðum í umferðinni. Það verður t.d. æ algengara að ökumenn aki hægar en hámarkshraði segir til um - þar sem þeir eru samhliða akstri að fylgjast með því sem er að gerast í umhverfinu. Það er alls ekki óalgengt að ökumenn stöðvi ökutækin í vegaköntum. Og jafnvel á miðjum vegi. Nauðsynlegt er að við séum meðvitúð um þessa staðreynd. Ferðalangar verða því að gefa sér góðan tíma í ferðalagið. Okkur liggur ekkert á! Vonandi nýtist Ferðafélaginn þér og samferðafólki þínu á ferðalaginu. Fyrir alla muni, farðu varlega og góða ferð!

Vilhjálmur Árnason, Ritsstjóri.

**FERDAFÉLAGINN 39. ÁRG. 2026**

**Útgefandi: Íþróttasamband lögreglumanna**

**Ábyrgðarmaður: Óskar Bjartmarz**

**Ritsstjörn: Vilhjálmur Árnason**

**Umsjón: Íslenska lögregluforlagið ehf.  
logga@simnet.is**

**Auglýsingar: Íslenska lögregluforlagið**

**Prentvinnsla: Prentmiðlun ehf**

**Forsíðumynd: Elvar Már Jóhannsson, tekið í Skagafirði**

**Landshlutar: [www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)**

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra



# Kæru ferðafélagar

Í dag er ferðapjónusta ein af mikilvægustu stöðum íslensks hagkerfis. Einstök náttúra Íslands laðar til sín ferðamenn alls staðar að úr heiminum. Náttúran er okkar dýrmætasta auðlind og áframhaldandi góður aðgangur að henni er ómissandi þáttur í að viðhalda lífskjörum okkar Íslendinga.

Nýjustu tölur og spár gefa góða mynd af umfangi ferðapjónustunnar. Samkvæmt farþegaspá Keflavíkurflugvallar fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir áframhaldandi stöðugleika í komum erlendra ferðamanna til Íslands. Ríflega 7,5 milljónir farþega munu ferðast um Keflavíkurflugvöll (KEF) árið 2026, þar af 2,24 milljónir erlendra ferðamanna, samkvæmt farþegaspá flugvallarins fyrir árið. Farþegaspáin dregur upp mynd af áframhaldandi kröftugri eftirspurn eftir Íslandi sem áfangastað.

Álagið á íslenska vegakerfið er mikið en aðgengi að náttúrunni krefst áreiðanlegra samgangna bæði vegna okkar sem hér búum og þeirrar fjölmennu sveitar ferðafólks sem heimsækir landið. Þessi þungi umferðar krefst þess að við grípum til markvissra aðgerða í uppbyggingu og

viðhaldi vegakerfisins.

Síðasta sumar bætti ríkisstjórnin við þriggja milljarða króna viðbótarframlagi til viðhalds vegakerfisins. Á ferðum mínum um landið fann ég fyrir mikilli ánægju vegna þessarar viðbótar. Á þessu ári erum við að auka framlag til viðhalds vega enn meira frá því sem hefur verið.

Gert er ráð fyrir markvissum aðgerðum víða um landið, með sérstakri áherslu á vegi þar sem álag er mikið vegna þungaflutninga og ferðapjónustu. Aukið viðhald framlengir líftíma veganna og dregur úr viðhaldskostnaði í framtíðinni.

Þessar aðgerðir eru ekki síður liður í að bæta umferðaröryggi. Árlegur samfélagslegur kostnaður af umferðarslysum er rúmum 84 milljarðar kr. og er því til mikils að vinna að auka umferðaröryggi með öllum tiltækum ráðum.

Framtíðin á íslenskum vegum á að vera björt og örugg. Með öflugum viðhaldi og skýrari sýn á umferðaröryggi getum við stórbætt lífsgæði um allt land, um leið og við vörðum sess Íslands sem fyrsta flokks áfangastaðar ferðamanna.

Í upphafi ferðasumars rétt að brýna fyrir öikumönnum að sýna aðgát á vegum landsins. Höfum öryggið í fyrirrúmi í sumar og spennum beltin. Síðast ekki síst má ekki gleyma að njóta ferðarinnar. Höfum góða skapið og tillitssemi ávallt sem ferðafélaga. Góða ferð í sumar!



# Upplýsingasíður

Fjöl margar heimasíður eru til sem hafa að geyma mikilvægar upplýsingar og fróðleik. Heimasíðurnar getur verið gott að skoða áður en maður heldur af stað í ferðalagið eða út í umferðina. Hér mun vera minnst á nokkrar þeirra og hvað þær hafa upp á að bjóða.

## Umferdin.is / trafficinfo.is

Upplýsingavefur Vegagerðarinnar, [www.umferdin.is](http://www.umferdin.is), ætti að vera fyrsti viðkomustaður allra þeirra sem eru á ferðinni um landið, allt árið um kring. Umferdin.is einstaklega er þægilegur og aðgengilegur vefur með öllum helstu upplýsingum um færð og veður á vegum landsins, vetrarþjónustu, vegaframkvæmdir, umferðartölur, þungatakmarkanir og fleira gagnlegt. Þar eru einnig birtar tilkynningar um hugsanlegar tafir og / eða lokanir á vegum. Upplýsingar á [umferdin.is](http://umferdin.is) eru uppfærðar reglulega.

Á [umferdin.is](http://umferdin.is) jafnframt hægt að sjá myndir úr vefmyndavélum Vegagerðarinnar sem eru staðsettar á um 100 stöðum á vegakerfinu. Nýjar myndir birtast nokkrum sinnum á klukkustund. Þá er hægt er að kafa dýpra og finna fróðleik um lofthita, daggarmark, veghita, vind, vindhviður og vindáttir á mismunandi vedurstöðvum, umferðina síðustu tíu mínúturnar og frá miðnætti, svo eitthvað sé nefnt.

Vefurinn er sérstaklega hannaður fyrir snjalltæki og er auðvelt að þysja inn og út á Íslandskortinu. Upplýsingar á [umferdin.is](http://umferdin.is) eru á íslensku, ensku og pólsku.

## www.ferdalag.is

Upplýsinga- og markaðsvefur Ferðamálastofu fyrir Íslendinga á ferð um eigið land er á slóðinni [www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is) Þar er hægt að skoða upplýsingar um og tengjast beint við alla ferðaðþjónustuaðila landsins, s.s. í gistingu, afþreyingu, veitingum, samgöngum, menningu o.fl.

## www.logreglan.is

Á heimasíðu lögreglunnar er hægt að nálgast fjölbreyttar upplýsingar. Þar má meðal annars finna upplýsingasíðu almanna- og vegavarna sem hefur að geyma upplýsingar um hvernig á að bregðast við í hinum ýmsu aðstæðum, upplýsingar um fjarskipti í almanna- og vegavarnaástandi, fjöldahjálparstöðvar, rýmingaráætlanir og fleira. Einnig má finna á heimasíðunni fjölda eyðublaða, m.a. umsóknir um ökuskipteini og endurnýjun á ökuskipteinum sem og upplýsingar um sektarfjárhæðir, sögu lögreglunnar, starfsemi lögreglunnar og margt fleira.


## www.samgongustofa.is

Á heimasíðu Samgöngustofu má fá allar helstu upplýsingar um umferðaröryggi sem og þau lög og þær reglur sem snúa að umferðinni. Allt miðar þetta að því að tryggja öryggi vegfarenda sem best. Á síðunni má enn fremur finna fjölda fræðslumyndbanda sem sýna hvernig er best og rétt að takast á við hinar ýmsu aðstæður í umferðinni. Undir liðnum, "Eyðublöð" má svo finna helstu eyðublöð er snúa að eigandaskiptum bifreiða, umsókn- um um einkanúmer og margt fleira. Að lokum minnr Samgöngustofa á mikilvægi þessi að allir séu spenntir í bíl – líka gæluþyrnir.

## www.sjova.is

Á vefsvæði Sjóvá má finna mikinn fróðleik um forvarnir í umferðinni og hvernig ber að bera sig að til að forðast slys. Þar má helst nefna vindakort Sjóvá sem er að finna inni á [www.sjova.is](http://www.sjova.is), vindakort. Inn á vindakortið er búið að merka þekktu vindasama staði, það sýnir sjálfkrafa nýjustu veðurupplýsingar og fróðleik um áhrif vindsins. Þetta er sérstaklega hentugt fyrir þá sem ferðast með eftirvagna og á stórum bílum eins og húsbílum.

Finna má fjölda annarra upplýsinga á heimasíðum sem tengjast umferð hjá tryggingafélögum, ökukennurum, ökuskólum og fleirum.




Icelandic Road and Coastal administration

[www.umferdin.is](http://www.umferdin.is)

[www.trafficinfo.is](http://www.trafficinfo.is)

Tel: 1777



# Frá Rannsóknanefnd samgönguslysa

## *Ferðafélaginn*

Undanfarin ár hefur umferð um vegi landsins aukist umtalsvert. Ástæður eru m.a. mikil aukning erlendra ferðamanna og eins fylgir miklum hagvexti auking í umferð. Vegfarendur finna fyrir aukinni umferð á ýmsan hátt. Oft verða tafir og frammúrakstur á köflum getur verið erfiður.

Eftir langt niðurskurðartímabil í viðhaldi horfir til betri vegar. Víða er brýn þörf að endurnýja slitlag, styrkja og breikka vegi ásamt fjölmörgum öðrum atriðum. Í vor ákvað ríkisstjórnin að setja aukid fé í viðhald vega enda ekki vanþörf á.

Vegfarendur mega því gera ráð fyrir að í sumar geti myndast tafir bæði vegna framkvæmda á vegum og mikillar umferðar. Stress og óþolinmæði eru slæmir ferðafélagar og því mikilvægt að vera með raunhæft ferðaplan, gefa sér tíma til að komast milli staða og vera vel upp lagður.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa rannskar öll banaslys í umferðinni með það að markmiði að greina orsakir þeirra og gera tillögur til úrbóta. Vill nefndin benda á nokkur atriði sem hafa mikil áhrif á öryggi vegfarenda.

## *Athygli við akstur*

Stjórnun ökutækja krefst fullrar athygli ökumanns. Til að halda fullri einbeitingu er mikilvægt að vel hvíldur og ekki undir áhrifum áfengis eða lyfja. Vert er að hafa í huga að sum lyfseðiðsskyld lyf skerða athyglisgetu. Símanotkun hefur aukist mikið undanfarin ár. Varla þarf að benda á að enginn getur stjórnað ökutæki og skrifað eða lesið skilaboð í síma á sama tíma.

## *Hraði*

Meiri hraði meiri skaði. Mikill hraði hefur ýmis áhrif á umferðaröryggi, öll neikvæð. Ökumaður hefur minni tíma til að bregðast við óvæntum hættum, meiri líkur eru á að missa stjórn á ökutækinu og afleiðingar slysa verða alvarlegri eftir því sem hraðinn er meiri svo eitthvað sé nefnt.



## Öryggisbúnaður

Bílbelti eru einn sá búnaður sem hefur bjargað flestum frá alvarlegum, jafnvel banvænum áverkum. Ökumenn jafnt sem farþegar bifreiða ættu ávalt sitja með beltin spennt og huga þarf sérstaklega að öryggisbúnaði barna. Öryggisbelti bifreiða eru ekki hönnuð fyrir ung börn og því þarf sérstaka bílstóla fyrir þau. Bifhjóla- og reiðhjólafólk ættu að yfirfara sinn öryggisbúnað. Ljós og glitmerki, hjálmar og annar fatnaður þarf að vera í lagi.

## Veður

Stundum vill bregða við að lægðir ganga yfir landið. Landslag hefur mikil áhrif á vind. Nokkuð jafn vindur getur verið á sléttlendi en upp við fjöll geta hviður orðið mun sterkari. Margir ferðast um með ferðavagna sem þola illa mikinn vind. Vert er að fylgjast vel með veðurspám og gæta þess fara ekki af stað ef mikið rok er í kortunum.

## Ástand ökutækja

Gott er að yfirfara ökutækið áður en lagt er af stað í ferðalag. Gæta sérstaklega að ástandi hjólbarða og mæla loftþrýsting. Vert er að hafa í huga, að ef ferðavagn er í eftirdragi gæti þurft að auka loftþrýsting. Upplýsingar um réttan loftþrýsting má oft finna á miða sem límdur er í hurðarfals bílsins eða í handbók bíllsins.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir vegfarendum á, að mikilvægt er að vera með raunhæft ferðaplan. Gefa sér tíma í að komast á milli staða og fá nægan svefn. Góða ferð.

# Lentir þú í slysi?

Engar áhyggjur  
við fylgjum þér  
alla leið!

**FORTIS**  
Slysamál

Laugavegur 7 | 520 5800  
fortis.is | fortis@fortis.is



# Bílar og hjól, í sátt og samlyndi

## Saman á götunni

Reiðhjól eru ökutæki með sama rétt og bílar. Þau hafa sama rétt til að vera á götunum og bílar. Þótt þau megi nota á gangstéttum njóta þau ekki sömu réttinda þar.

## Takmarkið hraða



Í borgarumferð er meðalhraði reiðhjóla um 10-25 km, klst en meðalhraði bíla um 15-35 km, klst. Hjólreiðafólki stafar ógn af miklum hraða bíla og skyndilegri hraðaaukningu.

Takmarkið hraða og akið á jöfnum hraða.

## Gefið hjólreiðafólki pláss



Hjólreiðafólk þarf sitt pláss á götunni líkt og aðrir ökumenn. Ef farið er of nálægt aftan frá eða frá hlið er það óþægilegt og skapar hættu ef eitthvað kemur upp á. Hjólreiðafólk getur þurft að víkja skyndilega frá fyrirstöðu sem er á götunni og þarf þá að beygja eða bremsa.

## Hjólavísar



Hjólavísar leiðbeina hjólreiðafólki um staðsetningu og minna bílstjóra á að þeir deila götunni með öðrum. Þeir veita ekki forgang í umferðinni.

## Varúð við framúrakstur



Þegar ekið er framúr hjólreiðamanni á að vera minnst 1 m. bíl frá spegli á bíl að stýrisenda á reiðhjóli.

Á venjulegri íslenskri 3,5 m. breiðri akbraut þarf bíll að fara yfir akbrautarlínu, miðlínu til að hafa nægjanlegt bíl við framúrakstur.

Best er að slá af hraða og færa sig tímanlega út til hliðar til að gefa bílstjórum fyrir aftan tækifæri til að sjá hjólreiðamanninn. Ekki á að flauta við framúrakstur.

## Víkjandi staða – framúrakstur mögulegur

Hjólreiðafólk tekur sér víkjandi stöðu um 1 m hægra megin við umferðarstraum á akrein og ekki nær vegbrún en 0,5 m til að tryggja öryggi sitt á akbrautinni. Bílar geta farið framúr en hjólreiðamaður getur forðast fyrirstöður, sem oft eru við vegbrúnina, til dæmis glerbrot, niðurföll, holur og steina.

## Víkjandi staða – framúrakstur ekki mögulegur



Hjólreiðafólk tekur sér ríkjandi stöðu á miðri akrein til að tryggja öryggi sitt þegar aðstæður leyfa ekki framúrakstur, til dæmis vegna þrengsla. Einnig er ríkjandi staða til að tryggja sýnileika hjólreiðamanns við gatnamót og til að hann hafi betri yfirsýn.

## Athugið blinda blettinn



Þegar horft er í baksýnispegil er oftast blindur blettur þar sem hlutir sjást ekki. Gætið að hjólreiðamönnum á akbraut eða gangstétt hægra megin við ykkur þegar þið takið hægri beygju með því að líta yfir öxlina til hægri.

## Gefið hjólreiðafólki pláss



Þegar ekið er úr innkeyrslu þarf að gæta að umferð á gangstétt og götu áður en faríð er út. Stöðva þarf við brún innkeyrslu, líta til beggja hliða, fara varlega yfir gangstéttina og stöðva við gangstéttarbrún, líta eftir umferð og fara svo út á götu.

## Varúð þegar bílhurð er opnuð



Þegar bíl er lagt í stæði í götu og hurðin er opnuð þarf að líta í baksýnispegilinn og yfir öxlina og gæta að því að enginn sé að koma.

## Leggið löglega



Þegar bílum er lagt ólöglega þar sem gangandi og hjólandi eiga leið um, skapar það hættu og hindrar för.

## Hugið að börnum



Börn hjóla oft eftir gangstéttum og gæta ekki að hraða hjólsins við innkeyrslur. Þau geta þegar minnst varir sveigt yfir götu. Lærið að þekkja hvar búast má við börnum úti á götu og gætið sérstaklega að þar sem stígar þvera götu. Akið gætilega.

## Hafið hugann við aksturinn



Ekki tala í síma við akstur eða gera annað sem dregur hugann frá akstrinum, það eykur slyshættu.

# Öryggi barna í bíl

1



## Upplýsingar og tilmæli

### Mikilvægt að hafa í huga:

1. Örggast er að hafa barn í bakvísandi barnabílstól eins lengi og hægt er. Mælt er með því að börn séu í bakvísandi stólum að minnsta kosti til þriggja ára aldrurs.
2. Barn lægra en 150 sm á hæð má ekki sitja í framsæti gengt virkum öryggisþúða.
3. Barn lægra en 135 sm á hæð skal ávallt vera í öryggis- og verndarbúnaði sem hæfir hæð þess og þyngd. Öryggisbelti eitt og sér er ekki viðurkenndur búnaður fyrir barnið.
4. Höfuð barnsins má aldrei ná upp fyrir brún stólsins.
5. Bílbelti má ekki vera snúið og það þarf að falla vel að líkama barnsins. Aldrei má setja beltí fyrir aftan bak eða undir handlegg.
6. Öryggisbúnaður verður að henta barni og bíl. Ráðlagt er að leita í sérhæfða verslun og hafa helst barnið með til að mæta stólinn. Til að stóll hæfi bíl og sé rétt festur er mælt með að fylgja leiðbeiningum frá framleiðanda stólsins og handbók bílsins.
7. Endingartími flestra barnabílstóla er 10 ár en unbarnabílstólar endast þó yfirleitt aðeins í 5 ár. Framleiðsluár stólsins kemur fram á botni stólsins eða á heimasíðu framleiðanda. Ef notaður bílstóll er keyptur eða fenginn að láni er mikilvægt að kanna hvort stóllinn hafi orðið fyrir skemmdum eða hnjaski.
8. Nýir stólar þurfa að uppfylla Evrópustaðal R129 (i-size). Eldri stóla, sem þegar eru í notkun og uppfylla eldri Evrópustaðal, er leyfilegt að nota þar til endingartími þeirra er liðinn.

### Þarf að uppfylla Evrópustaðal

Barnabílstólar í notkun á Íslandi þurfa að uppfylla Evrópustaðal, annaðhvort skv. reglugerð R44/04 eða reglugerð R129 (i-size). R129 er nýrri og öruggari staðal og er sá eini sem má selja á Íslandi. R44/04 er eldri staðallinn og einhverjir stólar sem þegar eru í umferð eru skv. þeim staðli og má nota þá stóla þar til endingartíma þeirra lýkur.



# Öryggi barna í bíl

# 2



## Nánari upplýsingar

### Helstu nýjungar með R129 eru eftirfarandi:

- Mun betri mæling og greining á höggi við árekstur\*
- Stólar eru nú prófaðir gagnvart hliðarárekstri sem ekki var skylda skv. R44/04
- Allir ungbarnastólar eru nú með ISOFIX búnaði sem festir stólinn örugglega í bílinn og dregur því úr líkum á rangri festingu stóls í bíl.
- Börn þurfa nú að snúa baki í akstursstefnu að lágmarki fram til 15 mánaða aldurs og 76cm. Mælt er þó með að börn snúi gegn akstursstefnu mun lengur.
- Stólar eru nú flokkaðir eftir hæð barna í stað eingöngu þyngdar áður. Þó eru R129 stólar með hámarksþyngd barna sem fara þarf eftir.

*\*) Stólar eru nú prófaðir með Q-brúðu með 32 nemum sem nema hreyfingar fram, aftur og til hliðar í stað P-brúðu áður með fjórum nemum sem einungis námu hreyfingar fram og aftur*

### Hversvegna bakvísandi stólar?

Bakvísandi stólar eru börnum mun öruggari en framvísandi stólar. Í flestum umferðarslysum kemur högg framán á bifreið sem þýðir að í bakvísandi stólum leggst höfuð barnsins aftur í stólinn. Í framvísandi stólum kastast hinsvegar höfuð og líkami barnsins fram. Ekkert heldur við barnið nema beltin sem grípa líkamann ansi vel en höfuð og háls barnsins eru tiltölulega óvarin í framvísandi stól borið saman við bakvísandi.

### Reglugerð:

Nánari upplýsingar má finna í [Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum](#) á heimasíðu Samgöngustofu undir liðnum lög og reglur.



### Samanburður á fram- og bakvísandi barnabílstólum



**Framvísandi:**  
Í hefðbundnum framvísandi barnabílstólum er börnum hættara við meiðslum þegar framánáreyrta á sér stað. Meiri líkur eru á háls- og beltaskaða þegar barnið kastast fram.



**Bakvísandi:**  
Bakvísandi barnabílstólar vernda barnið betur þegar framánáreyrta á sér stað. Þeir vernda mun betur höfuð, háls og hrygg barnsins þar sem höggþunginn dreifist á stólinn.

# Ferðumst örugg og upplýst um landið okkar

Nú er sumarið framundan og leggja þá þúsundir Íslendinga land undir fót og stefna í sumarhús, út á land og upp til fjalla. Fyrir slík ferðalög, hvort sem er að sumri eða vetri til, er mikilvægt að vera vel undirbúinn og útbúinn.

Að afla sér upplýsinga um færð og veður á ávallt að vera fastur liður í undirbúningi hverslags ferðalags. Á vef Veðurstofunnar [vedur.is](http://vedur.is) má finna veðurspá og einnig viðvaranir ef spáð er varasömu veðri. Við mælum þó eindregið með því að allir kynni sér og læri að nýta sér veðurþáttaspár. Þar er hægt að lesa mun meiri upplýsingar út úr kortunum heldur en á hinn almennu veðurspá. Til dæmis má þar sjá vindstyrk eftir litakóða, en til að mynda geta skapast sterkir vindar undir fjöllum sem að eru sérlega hættulegir eftirvögnum og húsbílum. Það er því ráð að fara varlega og varast að ferðast með slík farartæki sérstaklega þegar meðalvindur á leiðinni fer að eða yfir 20 m/s. Einnig er gott að beina ferðalöngum af erlendum uppruna á vef veðurstofunnar þar sem hann er líka til á ensku.

Sem heimamenn ættum við öll að þekkja hversu skjótt breytist veður í lofti, og að jafnvel að sumri til getur skyndilega tekið að snjóa og frysta með tilheyrandi breytingum á yfirborð vega, sem breyst geta í einni svipan og jafnvel á stuttum vegköflum.

Allan ársins hring þarf einnig að hafa í huga að þjónusta á vegum er misjöfn, það er því ekki hægt að ganga út frá því að allir vegir séu alltaf færir. Slíkt á sérstaklega

við um þá vegi sem liggja um hálendið okkar. Það er því góður siður að skoða vef Vegagerðarinnar [vegagerdin.is/ferdaupplýsingar/](http://vegagerdin.is/ferdaupplýsingar/) eða [road.is](http://road.is) á ensku, áður en haldið er af stað en þar má finna upplýsingar um færð og framkvæmdir á vegum um land allt. Þess utan ef halda á upp á hálendi er gott að hafa samband við þá sem starfa á svæðinu, svo sem landverði eða skálaverði, til að fá nákvæmari upplýsingar um aðstæður.



Þó mikilvægt sé að afla sér góðra upplýsinga fyrir ferðalög er ekki síður mikilvægt að vera vel útbúinn. Meðal þess sem ætíð ætti að hafa meðferðis við akstur um landið okkar er landakort, teppi eða svefnpoki, nesti, fyrstu hjálpar búnaður og auðvitað varadekk og það sem því fylgir. Slíkt kemur sér vel ef ekið er fram á slys, för tefst eða viðkomandi festir sig svo dæmi séu tekin. Einnig er gott að hafa í bílnum startkapla, skóflu og samskiptatæki sem geta þá gagnast manni sjálfum eða öðrum eftir aðstæðum. Réttur klæðnaður er vitaskuld einnig lykilatriði jafnvel þó ekki sé áætlað að ganga lengra en um Dimmuborgir eða að Gullfossi.

Á vefsíðunni **Safetravel.is** má finna ýmsan fróðleik fyrir ferðalög á Íslandi. Til að mynda um akstur, sprungukort af íslenskum jöklum og búnaðarlista fyrir ýmsar tegundir ferðalaga, m.a. göngur, skíðaferðir og jeppaferðir. Á Safetravel eru gefnar út viðvaranir til ferðamanna, til að mynda vegna snjóflóðahaettu, veðurofsa, færð og sérstaklega varasömum aðstæðum. Þá er einnig hægt að leigja PLB neyðarsenda (Personal Locator Beacon) sem geta verið mikilvæg öryggistæki fyrir erfiðari ferðir af öllum toga. PLB er útlitssendur sem hægt er að virkja í neyðartilfellum til þess að kalla á aðstoð og sendir hann út neyðarskilaboð í 24 klukkustundir eftir virkjun. Það hefur verið sérstaklega vinsælt að taka slík tæki með í göngur að vetrarlagi og á hornstrandir.

Að lokum er hægt að skilja eftir ferðaætlun sem getur skipt sköpum ef til

leitar- og/eða björgunaraðgerða kemur. Starfsfólk safetravel skoða hverja og eina ferðaáætlun sem skilin er eftir og biður um frekari upplýsingar ef svo á við. Sé skilin eftir ferðaáætlun fær viðkomandi einnig send sms þegar gefnar eru út viðvaranir, sem einnig birtast á yfir 80 upplýsingaskjám um land allt. Fjölmargir erlendir ferðamenn hafa nýtt sér þessa þjónustu sér að kostnaðarlausu. Sérstaklega er gott að skilja eftir ferðaáætlun ef haldið er út í vafasamar aðstæður og þá má bæta við ferðaeftirliti (trip monitoring). Þegar slíkt eftirlit er virkjað þarf að setja inn áætlun ferðalok, dagsetningu og tíma. Þegar ferðaáætlun er virkjuð fær viðkomandi ferðalangur sms og fyrir uppgöfnum lokatíma ferðalags þarf að senda sms til baka með fyrirfram gefnum kóða. Sé slíkt ekki gert hefjast leitar- og/eða björgunaraðgerðir. Íslendingar hafa

# GÓÐA FERÐ!

## FÖRUM VARLEGA Á ÞJÓÐVEGUNUM.

Réttingaverkstæði

*Jóa*

— STOFNAD 1998 —

DALVEGUR 16A • KÓPAVOGUR

nýtt sér þessa þjónustu þegar keyra þarf á milli staða í vetrarstormi, við rjúpnaveiðar og erfiðar ferðir um hálendið.

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað ört síðastliðin ár. Fjölgunin er að miklu leiti utan háannatíma sumarsins. Sú þróun setur þó ferðaþjónustu, viðbragðaðilum og heimafólki nýjar áskoranir. Á hverju ári sinna sjálfboðaliðar björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar miklum fjölda aðstoðarbeiðna vegna ferðamanna, innlendra sem og erlendra. Eru þær beiðnir af ýmsum toga en ljóst er að mörg tilfelli má koma í veg fyrir með aukinni upplýsingagjöf til ferðamanna. Síðastliðinn vetur var starfstöð Safetravel í Ráðhúsi Reykjavíkur starfrækt allt árið og teljum við að sú fyrirbyggjandi vinna með upplýsingagjöf hafi nú þegar sannað sig. Í vetur var tekin upp sú nýjung að senda út vikulega upplýsingapósta þar sem farið er yfir aðstæður á landinu öllu og því sem búast megi við á næstu dögum, svo sem færð og veður ásamt aðstæðum á helstu ferðamannastöðum. Þess utan hafa sérstakar viðvaranir einnig verið gefnar út þegar veruleg hættu er yfirvofandi, sérstaklega óveður.

Leggjumst öll á eitt og upplýsum ferðafólk og hvort annað, verum vel undirbúin og aukum þannig líkur á ánægjulegu og öruggu ferðalagi.

## **Almennir öryggisþættir um akstur**

Slys eiga sér gjarnan stað þegar ekið er af malbiki yfir á mól og er meginástæðan yfirleitt að ekki er dregið úr hraða og bifreiðin rennur því til þegar komið er inn á mölina. Að sama skapi ber að vara við því að ef ekið er of hratt á malarvegum getur bifreiðin misst gripið og farið að renna til. Við þær aðstæður getur verið mjög erfitt



að ná stjórn á henni aftur. Þetta getur til dæmis gerst þegar bílar mætast og því ber að sýna aðgát við þær aðstæður, færa sig eins langt til hægri og hægt er, draga verulega úr hraða og sleppa alveg bensínkjöfnum þegar bílarnir mætast, ellegar getur þú alveg óvart ausið mól yfir bílinn sem þú mætir.

Blindhæðir eru nokkuð algengar á vegum á Íslandi, nær undantekningalaust merktar sem slíkar og hið sama á við um blindbeygjur, þar skal sýna sérstaka aðgát.

Á Íslandi eru einbreiðar býr. Reglan er sú að sá bíll sem nær er brúnni á réttinn, en það vita ekki allir svo mikilvægt er að hafa í huga að sá vægri er vitið hefur meira. Sama á við um stutt einbreið göng en í lengri slíkum göngum á önnur akstursstefnan réttinn meðan að hin skal víkja.

Hér á landi má reikna með því að búfénaður sé á ferðinni meðfram og jafnvel á vegum, þá sérstaklega sauðfé. Gera þarf ráð fyrir að séu lömb öðru megin við veginn en ærin hinu megin, þá munu lömbin þjóta yfir veginn. Því er mikilvægt að hægja vel á sér þegar sauðfé er á sveimi.

- Umfram allt er mikilvægt að aka í samræmi við aðstæður, betra er að aka hægt en of hratt.

- Hér og þar um landið sjást blá umferðarmerki með ýmsum tölum. Þetta er ábending um skynsaman ökuhraða miðað við þær aðstæður.
- Mikilvægt er að keyra ekki of lengi hvern dag þrátt fyrir að það geti freistað á björtum sumarnóttum. Njóttu landsins frekar vel.
- Skylda er samkvæmt lögum að nota bílbelti.
- Samkvæmt lögum á að aka með ljósin á allan sólarhringinn, sumar og vetur.
- Utanvegaakstur er ólöglegur en að auki er hann mikið virðingarleysi við landið okkar. Þær skemmdir sem hann veldur getur tekið áratugi eða aldir að græða upp.
- Hér á landi er það alvarlegt afbrot að aka eftir að hafa neytt áfengis

og vímuefna og er refsing við slíku broti afar ströng.

- Sá aðili er verður valdur að bana-slysi kann að verða lögsóttur megi rekja ástæðu slyssins til ógætilegs aksturs, svo sem of hraðs aksturs.

### **Akstur á hálendinu**

Akstur á hálendi Íslands lýtur allt öðrum lögmálum en akstur á láglandi. Aðstæður á hálendi geta breyst hratt, vegir geta verið erfiðir yfirferðar og oft þarf að aka yfir ár. Því gildir það enn frekar við ferðalög um hálendið að kynna sér vel aðstæður um það svæði sem ferðast á um og skilja eftir leiðarátelun þar sem fram kemur hvert á að ferðast, hvar á að gista og önnur helstu atriði.

- Byrja skal á því að kynna sér hvort



**MALBIKSTÖÐIN**

VIÐ MALBIKUM

# GRÆNNI VEGI

MEÐ HÁGÆÐA OG UMHVERFISVÆNNA MALBIKI

búið sé að opna það svæði sem að ferðast skal um.

- Mikilvægt er að kynna sér svæðið sem ferðast á um vel til dæmis hjá Vegagerðinni og Veðurstofunni.
- Upplýsingamiðstöðvar á svæðinu, svo og land- og skálaverðir þekkja vel aðstæður.
- Vertu viss um að þú hafir þá þekkingu og reynslu sem þarf til aksturs á hálendinu.
- Fólksbílar eiga ekkert erindi á hálendi, undantekningalaust þarf fjór hjóladrífna bíla. Einnig þarf að hafa í huga að ekki eru allir fjór hjólabílar nógu háir fyrir hálendi Íslands.
- Ef þú ert óviss með að aka yfir á, slepptu því þá eða bíddu aðstodar næstu bifreiðar sem kemur að.

## **Almennir öryggisþunkar um gönguferðir**

Rétt leiðarval, góð leiðaráætlun og réttur búnaður eru lykilþættir í vel heppnaðri gönguferð. Leiðarvalið verður að taka mið af göngumönnunum sjálfum, þeirra líkamsformi, reynslu og þekkingu í gönguferðum. Áætlaðu þér og þínum ekki um of, gerðu ráð fyrir hæfilegum vegalengdum hvern dag fyrir alla meðlimi hópsins. Búnaður skal einnig vera af réttum toga, góðir skór og fatnaður eru gulls ígildi í gönguferðum. Þess utan þarf einnig að raða rétt í bakpokann, hafa skal þyngstu hlutina næst bakinu og gæta þess að pokinn sé alls ekki of þungur, u.þ.b. 15 kg. að hámarki. Gott er að prófa rétta þyngd á bakpokanum á styttri og auðveldari gönguleiðum áður en haldið er af stað í langa gönguferð.

Þrátt fyrir að gönguleið sé stikuð getur skyggni verið þannig að ekki sjáist þeirra á milli og því þurfa kort, áttaviti og GPS



að vera með í för sem og kunnátta til að nota slík tæki. Þetta er sérstaklega mikilvægt á veturna og snemmsumars þegar gönguleiðir eru undir snjó að hluta til eða í heild sinni.

Ferðaáætlun er mikilvægt hjálpartæki hvers göngumanns. Ferðaáætlunin skal skilinn eftir hjá traustum aðila, svo sem á heimasíðu Safetravel, en einnig er hægt að leigja neyðarsendi (Personal Locator Beacon) á þeirri síðu.

## **Í gönguferðinni skal hafa í huga:**

- Mikilvægt er að fylgjast vel með ferðafélögum, þreyta og ofkæling getur komið upp á skömmum tíma.
- Ef álagsmeiðsli byrja að myndast skal stoppa strax og gera að þeim s.s. hælsæri.
- Kanna skal veðurspá dagsins t.d. hjá land- eða skálavörðum.
- Mikilvægt er að halda sig við leiðaráætlunina sem útbúin var áður en lagt var af stað eða skrá breytingar í gestabækur skála.
- Góð regla er að setja alltaf nafn sitt og dagsetningu í gestabók, öryggisins vegna.

Ferðumst upplýst og örugg um landið okkar og komum heil heim!



be safe in Iceland


Safetravel er slysavarnaverkefni á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem miðar að því að koma upplýsingum til ferðamanna um ábyrga ferðahegðun, svo fækka megi óhöppum og slysum. Til þess eru notuð ýmis verkfæri, m.a. upplýsingaskjárir, heimasíðan [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is) og appið SafeTravel Iceland.

Á heimasíðunni er að finna margskonar upplýsingar og góð ráð varðandi akstur og almenna útivist. Þar er kort sem sýnir veðurupplýsingar og færð á vegum ásamt því að vara við ákveðnum aðstæðum, hvort sem það er tímabundið eða viðvarandi. Þar eru líka upplýsingar um séríslenskar aðstæður á vegum, umferðarmerki og hægt er að taka krossapróf og kanna kunnáttu sína í akstri við íslenskar aðstæður. Ferðalangar geta sett inn ferðaáætlun, sem er mjög gott þegar ferðast er í óbyggðum, en við bendum samt alltaf fólki á að það sé nauðsynlegt að einhver heima viti af þeirra ferðum líka og geti brugðist við og látið vita ef viðkomandi skilar sér ekki til byggða eða eitthvað kemur upp á. Á



heimasíðunni er líka sér skráningarform fyrir skipulagða hópa með fararstjóra.

SafeTravel Iceland appið er unnið í samvinnu við Stokk sem hefur séð um hönnun og forritunavinnu frá upphafi. Appið er til bæði fyrir Android og iPhone. Aksturshluti appsins sýnir upplýsingar um færð í rauntíma, ásamt sérstökum veðurviðvörðunum. Göngufólki býðst að senda GPS staðsetningu sína handvirkt til 112.



## Tafla yfir ýmsar leiðir / Distance between Towns and interesting places:

Beint í leiðarkerfi vefsins Hringvegur vestan Hornafjarðarfjöts Tafla yfir ýmsar leiðir Skýringar með töflu yfir vegalengdir

Vegalengdir eru miðaðar við að farinn sé Hringvegurinn (Þjóðvegur nr. 1) nema farið er norðan Mývatns, og síðan stystu leiðir út fráhonum nema annað sé tekið fram.

	Vík í Mýrdal	Seiðis	Reykjavík	Borgarnes	Skýrklobburinn	Ísafjörður	Akureyri	Egilsstaðir	Sejðisfjörður	Höfn í Hornafjarði	Athugasemdir
Akranes	218	89	48	37	135	378	351	598	626	490	
Akureyri	558	429	388	314	354	558	1321	248	275	500	
Arnarstapi	362	233	192	119	87	443	410	657	685	634	Norðurland um Heydal og Laxárdalsheiði
Ásbyrgi	710	568	527	454	493	697	140	194	222	447	
Bakkafjörður	678	676	635	562	601	805	248	162	190	415	
Bakkagerði	585	714	706	632	672	876	319	71	93	321	
Bíldudalur	585	456	415	341	348	177	534	782	809	857	Um Suðurfirði
Bjarkalundur	385	256	215	141	148	200	334	582	610	657	Norðurland um Laxárdalsheiði
Blönduós	413	285	243	170	210	413	144	392	420	644	
Bolungarvík	637	509	467	394	400	13	571	818	846	909	
Borgarnes	244	115	74	1321	98	341	314	562	589	516	
Breiðdalsvík	424	553	610	654	694	898	340	92	118	161	
Búðardalur	323	194	153	80	86	301	272	520	548	595	Norðurland um Laxárdalsheiði
Dalvík	581	452	411	337	377	581	44	291	319	544	
Djúpivogur	367	496	553	611	710	958	400	152	178	103	
Egilsstaðir	516	645	635	562	602	805	248	1321	27	252	
Eiðar	528	657	649	576	616	819	262	14	36	264	
Eskifjörður	503	631	688	611	650	854	297	49	74	239	Suðurland um Sunnfirði (Hringveg)
Eyrbakki	142	13	59	118	216	459	432	658	683	414	Um Óseyrarbrú til vesturs
Fagurhólsmyri	161	290	347	406	504	747	602	355	380	111	
Fáskrúðsfjörður	471	600	656	611	651	855	298	50	75	207	Suðurland um Sunnfirði (Hringveg)
Flateyri	577	448	407	333	340	22	526	774	801	849	
Flókalundur	496	367	326	253	259	89	445	693	721	768	Norðurland um Laxárdalsheiði
Geysir	170	61	106	147	245	488	460	679	705	435	Frá Vík um Skeið
Grenivík	596	467	425	352	392	596	38	262	289	514	Austurland um Fnjóskadal
Grindavík	213	84	51	119	217	460	433	680	708	485	Um Reykjanesbraut
Grundarfjörður	347	218	177	103	39	407	373	621	649	619	Norðurland um Laxárdalsheiði
Gullfoss	176	71	115	156	254	497	470	685	711	441	Frá Vík um Skeið
Hallormsstaður	542	671	662	588	628	832	274	26	54	279	
Hella	93	36	93	152	250	493	466	609	634	365	
Hellissandur	374	245	204	130	74	442	408	656	684	646	Norðurland um Laxárdalsheiði
Herðubreiðarlindir	707	604	563	489	529	733	175	191	218	443	Vík um Austurland
Hofsós	497	368	327	253	293	497	132	380	407	632	Um Út-Blönduhlíð
Hólmavík	403	274	233	159	166	224	336	584	611	675	
Húsafell	301	172	131	62	156	404	337	584	612	573	
Húsavík	633	504	463	389	429	633	75	219	246	471	Austurland um Kísilveg
Hvammstangi	367	238	197	123	163	367	203	450	478	639	
Hveragerði	142	13	45	104	202	445	418	658	684	414	

Vegalengdir til Vestfjarða eru ýmist miðaðar við þjóðveg nr. 60 um Bröttubrekku og Barðastrandarsýslu eða þjóðveg nr. 61 um Steingrímsfjarðarheiði og Djúp, eftir því hvor leiðin er styttri.

Að sumarlagi er á nokkrum stöðum hægt að fara styttri leiðir á milli staða en tilgreint er í töflunni. Um 15 km styttra er á milli Ísafjarðar og Reykhólasveitar um Þorskaðarfjarðarheiðiog Djúp en um Barðarstrandarsýslu.

	Vík	Self	Rvk	B	S	Ísaf	Ak	E	Sfj	Höfn	
Hveravellir	266	161	205	246	322	587	204	452	479	531	
Hvolsvöllur	80	49	106	165	263	506	478	596	622	352	
Höfn í Hornafirði	272	401	458	516	615	858	500	252	278	1330	
Ísafjörður	585	456	415	341	387	1904	558	805	833	857	
Keflavík	224	95	47	115	213	457	429	677	704	496	Um Reykjanesbraut
Kirkjubæjarklaustur	73	202	258	317	415	659	631	445	471	201	
Kópasker	730	601	560	486	526	730	172	227	254	479	Austurland um Hólsstrand
Króksfjarðarnes	369	240	199	125	132	257	318	566	594	641	
Landeyjahöfn	73	79	136	195	293	536	509	589	615	345	
Landmannalaugar	120	138	195	254	352	595	568	542	567	298	
Laugarvatn	167	39	77	118	216	459	431	679	705	435	Um Grímsnes
Mýri í Bárðardal	629	500	458	385	425	628	87	252	280	504	
Neskaupstaður	521	650	707	629	669	873	315	67	93	258	Suðurland um Suðurfirði
Norðurfjörður á Ströndum	505	376	335	261	268	306	438	686	713	777	
Nýdalur	250	208	264	323	399	602	132	348	376	427	Um fjallaslóðir
Ólafsfjörður	573	444	403	329	369	573	61	309	336	561	
Ólafsvík	365	236	195	121	64	433	399	647	675	637	Norðurland um Laxárdalsheiði
Patreksfjörður	558	429	388	314	320	150	507	754	782	830	Ísafjörður um Suðurfirði
Raufarhöfn	779	635	593	520	560	763	206	263	291	516	
Reyðarfjörður	487	616	673	595	635	839	281	33	59	224	Suðurland um Sunnfirði (Hringveg)
Reykholtt í Borgarfirði	278	149	108	39	137	345	317	565	593	550	
Reykjahlíð við Mývatn	641	512	471	397	437	641	83	164	192	417	
Reykjavík	186	57	1337	74	172	415	388	635	663	458	
Sandgerði	233	104	56	124	222	505	438	686	713	505	Um Reykjanesbraut
Sauðárkrókur	461	332	291	217	257	461	120	368	395	620	
Selfoss	129	1321	57	116	214	457	429	645	670	401	
Seyðisfjörður	541	670	663	589	629	833	275	27	1376	278	
Siglufjörður	556	427	386	312	352	556	77	325	353	578	Um Út-Blönduhlíð
Sigöldustöð	143	111	168	226	325	568	238	455	482	321	Um fjallaslóðir
Skafftafell	140	269	326	385	483	726	627	379	405	135	
Skagaströnd	436	307	266	192	232	436	165	412	440	665	
Skógar undir Eyjafjöllum	33	98	155	213	311	555	527	549	575	305	
Staðarskáli	332	203	162	89	129	333	225	473	501	604	Ísafjörður um Steingrímsfjarðarheiði
Stykkishólmur	342	213	172	98	1490	387	354	602	629	614	Norðurland um Laxárdalsheiði
Stöðvarfjörður	443	572	629	635	675	878	321	73	99	179	
Suðureyri í Súgandafirði	592	463	422	348	355	23	574	822	849	864	
Tálknafjörður	573	444	402	329	335	165	522	769	797	844	Um Bíldudal og Suðurfirði
Unaðsdalskirkja	490	361	320	246	252	216	423	670	698	762	Um Steingrímsfjarðarheiði
Varmahlíð	464	335	294	220	260	464	94	342	369	594	
Vegamót í Miklaholtshr.	309	180	139	65	33	390	356	604	631	581	
Vík í Mýrdal	1321	129	186	245	343	586	558	516	541	272	
Vopnafjörður	647	645	604	531	570	774	217	131	159	384	
Vingeyri	554	425	384	310	317	49	503	751	778	826	
Vingvellir; Þjónustum.	173	45	50	91	189	432	405	652	680	445	
Þorlákshöfn	157	28	52	110	208	491	424	673	698	429	Vestur um Þrengsli, Austur um Óseyrarbrú
Þórshöfn	713	663	622	548	588	768	234	197	225	450	
Þórsmörk; Básar	91	100	157	216	314	557	530	607	632	363	

Leiðir frá Ólafsfirði til vesturs og frá Siglufirði til austurs eru miklum mun styttri þegar farin er Lágheiði í stað Öxnadalshéiðar. Leiðin á milli Óxarfjarðar og Pistilfjarðar er 69 km styttri þegar farin er Óxarfjarðarheiði.

Á milli Vopnafjarðar og Héraðs (Egilsstaða) er 42 km styttra að fara Hellisheiði en Fjöllin. Leiðin á milli Héraðs (Egilsstaða) og svæðisins sunnan Berufjarðar er 61 km styttri um Öxi.



# HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

**H**öfuðborgarsvæðið hefur algjöra sérstöðu sem eina borgarsamfélagið á Íslandi með Reykjavík sem þungamiðju. Þar er margt sem heillar og á höfuðborgarsvæðinu er flest að finna fyrir gesti sem hugsast getur, enda borgin á sinn hátt fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Úrval gististaða er mikið og dægradvöl er ríkuleg. Þar má nefna fjölda safna, málverkasýningar, leiksýningar og fjölda skemmtistaða þar sem finna má afþreyingu á öllum árstímum. Það á enn eftir að auka möguleika á ráðstefnum og ýmsum menningarviðburðum. Margt að sjá og upplifa Sérstada borgarinnar felst m.a. í nálægðinni við óspillta náttúru, útivist-

arsvæði innan borgarinnar og hreinleika hennar. Hugmyndafræðin um nýtingu jarðvarma til heilsubótar hefur m.a. verið sett í framkvæmd á síðustu árum í Reykjavík í gegnum átakið Reykjavík SPA City. Það er í góðum samhljómi við fallegar gönguleiðir og útivistarsvæði, t.d. í Elliðaárdal og Öskjuhlíð þar sem Perlan undirstrikar með stórfenglegum hætti hve heita vatnið er þessu svæði dýrmætt. Annað dæmi um það að því er Álafosskvosin í Mosfellsbæ þar sem eitt sinn var vagga ullariðnaðarinnar á Íslandi en húsin hafa nú skipt um hlutverk og þjóna þörfum listamanna. Um kvosina er falg gönguleið upp að Reykjum. Margir garðar eru vel falnir til útiveru og Hús-



dýra- og fjölskyldugarðurinn í Laugardal er dæmi um skemmtil ega afþreyingu fyrir ala fjölskylduna. Einnig má hefna Helliggerði sem er blóma- og skemmtigarður í Hafnarfirði. Þaðan er stutt í Hamarinn sem er bústaður álfa af konungakyni en að sögn

kunnugra eru hvergi meiri álfabygðir á Íslandi en einmitt þar. Í Hafnarfirði er mikið haldið upp á þjóðtrú og sögutengda ferðaþjónustu. Álfagönguferðir með leiðsögn og Víkingahátíðin eru góð dæmi um það.  
[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is) (in few languages).

## Viðburðir á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsingar um viðburði í landshlutanum, aðrar staðbundnar upplýsingar og gagnlegan fróðleik má finna á heimasíðu landshlutans á slóðinni

[www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is)

## Events in Reykjavík

On the following websites you can find information about places of interest, local food, accommodations, various experiences, events and other things you need to know when travelling in Iceland

[www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is)

## Byggðasafnið á Garðskaga

Opið: 1. maí - 30. sept., alla daga kl. 10-17  
Okt. - apríl er opið eftir samkomulagi

Frír aðgangur inn á safnið.



Byggðasafnið á Garðskaga er staðsett á fallettu safnasvæði við Garðskagavítu í Suðurnesjabæ, nyrsta odda Reykjaneskagans í Reykjanes Geopark. Viðsýnt er til allra átta, fjölbreytt fuglalíf, hafið í sinni sibreytilegu mynd og gönguleiðir með sjónum. Vélbáturinn Hólmsteinn GK20, 43 tonna trébat, stendur við safnið. Vélasafn Guðna Ingimundarsonar og Trukkurinn hans hafa mikið aðdráttaraf. Súðbyrðingurinn Fram, smíðaður 1887, er varðveittur á safninu og á lista UNESCO yfir óápreifanlegan menningararf. Á safninu er móttaka og safnverslun með innréttingum frá 1921, fjölbreyttar sýningar t.d. húsamódel úr Sandgerði, vitarnir fimm í bænum, heimilissýning og sjávarútvegur. Leiksvæði fyrir börn og ýmislegt til að upplifa og prófa, sem gæti komið á óvart!

Byggðasafnið á Garðskaga • Skagabraut 100 • 250 Suðurnesjabæ • +354 425 3008 • byggdasafn@sudurnesjabaer.is

[f](https://www.facebook.com/byggdasafngardskaga) @byggdasafngardskaga • [i](https://www.instagram.com/byggdasafnid.gardskaga) byggdasafnid.gardskaga

# Þjónusta á höfuðborgarsvæðinu

## Reykjavík

### Áman

Tangarhöfða 2, sími 533 1020  
Opíð virka daga frá  
kl. 11:00 - 17:00, aman@aman.is  
www.aman.is

### Bílahöllin - Bílaryðvörn hf

Bíldshöfða 5,  
Bílasala sími 567 4949  
mán-fös 9-17 laug 11-14  
sala@bilahollin.is  
www.bilahollin.is

### Dalfoss ehf

Sóleyjargötu 31,  
símar 698 9687 - 561 3553  
dalfoss@dalfoss.is  
www.dalfoss.is

### GB tjónaviðgerðir ehf

Draghálsi 8, sími 567 0690  
Virka daga 7:45-16:15  
tjon@tjon.is, www.tjon.is

### Háfell ehf.

Skeifunni 11, sími 575 9500  
Virka daga 8:30-15:30  
hafell@hafell.is, www.hafell.is

### Hótel Klettur ehf

Mjöllnisholti 12-14, sími 440 1600  
sigurdur@hotelklettur.is  
www.hotelklettur.is

### Hótel Leifur Eiríksson ehf.

Skólavörðustíg 45, sími 822 5778  
Alltaf opíð, sibba@hotelleifur.is  
www.hotelleifur.is

### Ís-spor ehf

Síðumúla 17, sími 588 3244  
www.isspor.is, www.isspor.is

### Kría Hjól ehf

Skeifunni 11b, sími 534 9164  
info@kriahjol.is, www.kriahjol.is

### Nortek ehf

Fossaleyni 16, sími 455 2000  
nortek@nortek.is, www.nortek.is

### Superjeep

Desjamýri 9, sími 660 1499  
info@superjeep.is, superjeep.is

### Suzuki bílar hf

Skeifunni 1, sími 568 5100  
8-17 laug 13-16  
ulfar@suzuki.is / sonja@suzuki.is,  
www.suzuki.is

### Kópavogur

#### Bílrúðumeistarinn ehf

Dalvegi 18, sími 571 1133  
Virka daga 9-17, brm@brm.is  
www.brm.is

### Pottagaldrar ehf

Dalbreyku 42, sími 564 4449  
pottagaldrar@pottagaldrar.is  
www.pottagaldrar.is

### Sundlaug Kópavogs

Borgarholtsbraut 17, sími 441 0000  
Opíð mán-fös 6.30 - 22.00 og  
8.00 - 20.00 um helgar  
www.kopavogur.is

### Sundlaugin Versölum

Versölum 3, sími 570 0480  
Opíð mán-fös 6.30 - 22.00 og  
8.00 - 20.00 um helgar  
www.kopavogur.is

### Mosfellsbær

#### Gljúfrasteinn-Hús skáldsins

Gljúfrasteini, sími 586 8066  
gljufrasteinn@gljufrasteinn.is  
www.gljufrasteinn.is

### Mosfellsbakarí ehf

Háholti 13-15, sími 566 6145  
mán - fim 7:30-17:30 lau 8-16

sun 8:30-16  
mosbak@mosbak.is  
mosfellsbakarai.is

### Nonni Litli ehf

Þverholti 8, sími 566 6614  
